

Nefndasvið Alþingis

Reykjavík

Reykjavík, 9. nóvember 2020

Sent með tölvupósti

151. löggjafarþing 2020–2021.

Þingskjal 160 — 159. mál.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands (LMFÍ) gerir eftirfarandi athugasemdir við ofangreint frumvarp:

Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að Hæstiréttur Íslands tilnefni þrjá dómara í Félagsdóm, þ.m.t. forseta og varaforseta, sem báðir verði skipaðir ótímabundið. Þá er gert ráð fyrir því að tveir varadómarar séu einnig tilnefndir af Hæstarétti, sem báðir verði skipaðir ótímabundið.

Í fyrsta lagi, athugast að tilteknir dómar, kærur og ákvarðanir Félagsdóms sæta kæru *til Hæstaréttar* sjálfs skv. 67. gr. I. nr. 80/1938. Öll afskipti Hæstaréttar, bein eða óbein, af skipan dómara við Félagsdóm, eru því til þess fallin að draga úr ásýnd um sjálfstæði Félagsdóms gagnvart Hæstarétti. Þrátt fyrir þetta virðist ekki rökstutt sérstaklega í frumvarpinu að nauðsynlegt sé að Hæstiréttur Íslands hafi afskipti af skipan dómaranna. Þá er breytingin ekki til þess fallin að skapa þá ásýnd að Hæstiréttur sjálfur sé sjálfstæður og óvilhallur við úrlausn kærumála frá Félagsdómi. Fyrirkomulagið við skipan dómara við Félagsdóm virðist þannig vera andstætt markmiði frumvarpsins um að tryggja sjálfstæði dómstólsins.

Í öðru lagi, er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að þeir dómarar sem skipaðir eru við Félagsdóm samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar, séu embættisdómarar við Landsrétt eða héraðsdómstóla. Ætla mætti að það væri einfalt að tryggja að dómarar við Félagsdóm uppfylltu sömu hæfisskilyrði og embættisdómarar, án þess að gera það að beinu skilyrði hinir fyrrnefndu þurfi að koma úr röðum hinnar síðarnefndu. Um þetta vísast t.d. til orðalags 6. gr. laga um samningsbundna gerðardóma nr. 53/1989.

Í þriðja lagi, virðist óheppilegt að þeir dómarar sem tilnefndir eru af Hæstarétti Íslands séu skipaðir ótímabundið í Félagsdóm, en aðrir dómarar séu einungis skipaðir til þriggja ára í senn. Augljós hætta virðist á því að vægi sjónarmiða hinna síðarnefndu verði minna en hinna fyrrnefndu í úrlausnum dómstólsins og þá sérstaklega í ljósi þess að bæði *forseti* og *varaforseti* Félagsdóms eru tilnefndir af Hæstarétti. Þá er dregið úr sjálfstæði þeirra dómara sem einungis eru skipaðir til þriggja ára, sbr. umfjöllum í greinargerð með frumvarpinu: „*Ástæða þess að dómarar eru skipaðir ótímabundið í*

LAGANEFND LMFÍ

embætti er ekki síst sú að gera þeim kleift að komast að sjálfstæðri niðurstöðu í sérhverju máli án þess að þurfa að óttast um starfsöryggi sitt eða stöðu sína að öðru leyti. Við blasir að ef dómari er settur í embætti í skamman tíma getur þetta sjónarmið ekki átt við og sú hættu getur skapast almennt séð að settur dómari láti hugsanlegan framtíðarstarfsferil hafa áhrif á störf sín.“.

Samkvæmt framansögðu væri æskilegt að gæta samræmis í reglum um skipunartíma dómara, bæði til að tryggja jafnt sjálfstæði allra dómara Félagsdóms í dómsstörfum og til að tryggja þá ásýnd að sjónarmið allra dómara hefðu jafnt vægi.

Í fjórða lagi, hefur Félagsdómur m.a. það verkefni með höndum að skera úr um ágreiningsmál um vinnudeilur ríkisstarfsmanna. Óheppilegt kann að vera, út frá ásýnd dómstólsins, að binda í lög að 3 af 5 dómurum við Félagsdóm séu ávallt starfsmenn ríkisins og komi úr röðum embættisdómara.

Í fimmta lagi, er með ofangreindu skipunarfyrirkomulagi verið að takmarka möguleika annarra lögfræðinga en embættisdómara, t.d. lögmannna, prófessora eða fræðimanna, á því að taka sæti í Félagsdómi. Um getur verið að ræða lögfræðinga sem búa yfir sérmenntun á sviði vinnuréttar, hafa áratuga reynslu á sviðinu og uppfylla jafnframt hæfisskilyrði embættisdómara. Draga má í efa að embættisdómarar hafi slíka sérþekkingu á sviðinu umfram aðra sérfræðinga, að réttlætunlegt sé að þeir séu ávallt í meirihluta skipaðra dómara. Á það sérstaklega við þegar einfalt virðist að orða lagaákvæðið þannig að dómarar við Félagsdóm skuli uppfylla sömu hæfisskilyrði og embættisdómarar.

Laganefnd leggur skv. þessu til að frumvarpið verði skoðað betur.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar LMFÍ

Geir Gestsson, lögmaður